Nd. **566. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um hagstofu Íslands, (þingskj. 134).

Flutningsmaður Ólafur Briem.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði

5. gr.

Hagstofan skal hafa á hendi ókeypis endurskoðun á reikningum allra opinberra sjóða, sem eigi eru háðir lögmæltri endurskoðun.

Svo er það og skylda hagstofunnar, ef óskað er, að endurskoða reikninga annara sjóða, fjelaga og fjesýslumanna gegn borgun, er kemur upp í kostnað við stofnunina.

Nánari ákvæði um endurskoðunarstarf hagstofunnar og borgun fyrir það skulu sett í reglugjörð, er stjórnarráðið semur.